

Alþingi
Erindi nr. P 136/705
komudagur 12.1. 2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. jan. 2009

Stjórn Prestafélags Íslands hefur fjallað um tvö þingmannafrumvörp sem nú liggja fyrir Alþingi:

a) **124. mál um eftirlaun æðstu embættismanna**

Stjórn PÍ telur eðlilegast að þeir embættismenn, sem taldir eru upp í 1. gr. frumvarpsins, séu á sama báti og aðrir embættismenn í lifeyrismálum og styður að sérloð um eftirlaun þeirra verði afnumin.


4. greinin á hins vegar ekki heima í frumvarpinu enda hefur kjararáð nú þegar úrskurðað um launalækkun flestra þeirra sem þar eru taldir upp.

b) **7. mál um sóknargjöld og hlutdeild í jöfnunarsjóði**

Stjórn PÍ fagnar því ef það er vilji Alþingis að auka framlög til skráðra trúfélaga en varar við því að öllum trúfélögum sé veitt aðild að Jöfnunarsjóði sókna vegna stærðarmunar trúfélaga og sérstöðu Þjóðkirkjunnar sem þjónar öllu landinu.

Hagsmunir fara ekki saman hjá öðrum skráðum trúfélögum. Sú leið gæti verið farin að stofna annan sjóð fyrir trúfélög utan Þjóðkirkju með eigin stjórn eða að veita sambærilegu viðbótarframlagi til hvers trúfélags fyrir sig.

Virðingarfyllst,
f. h. stjórnar Prestafélags Íslands,



sr. Ólafur Jóhannesson, formaður